

Ed.

363. Átt

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Allflestir hafa gengið út frá því sem sjálfsgöðu, að Landsbankinn tæk við seðlaútgáfunni þegar einkaleyfi Íslandsbanka til útgáfu seðla væri útrunnið og í löggjöf þeirri frá 1921, og sjerstaklega frá 1922, sem fjallar um inndrátt seðla.

Íslandsbanka, er stigið fyrsta sporið til þess að Landsbankinn taki við seðlaútgáfunni, jafnóðum og Íslandsbanki dregur inn seðla sína; í lögnum frá 1922 er beinlínis ákveðið, að ríkisstjórnin hlutist til um það, að Landsbankinn setji í umferð seðla þá, er nauðsynlegt þykir vegna viðskiftanna innan lands.

Jafnvel þó þannig hafi verið búið að marka fyrstu sporin til þess, að Landsbankinn tæki við seðlaútgáfunni, þá hefir það samt lengi vafist fyrir að setja fullnaðarlöggjöf um þetta. Töfina á málinu má að nokkru rekja til þeirra frumvarpa, sem komu fram á þingunum 1924 og 1925, þar sem átti að gera Landsbankann að hlutafjeldsbanka og gefa einstökum mönnum kost á því að verða meðeigendur ríkisins að Landsbankanum. Þessi uppástunga mætti svo eindreginni mótspyrnu hjá þjóð og þingi, að segja má, að hún væri alveg og einróma ákveðin niður í þinglokin 1925; en þessi fleygur varð til þess að teyja málið í tvö ár. Fram á þing 1925 hafði málið verið undirbúið af ráðuneytinu. Árið 1924 flutti fjárhagsnefnd efri deildar frumvarp um seðlaútgáfunna, að tilhlutun fjármálaráðherrans (Kl. J.); en málinu var þá vísað frá með rökstuddri dagskrá, að því er virðist í samráði við hina nýju stjórn, er þá tók völd, og ætlaði hún að athuga málið ítarlega milli þinga. 1925 leggur stjórnin málið fyrir efri deild, og enn gert ráð fyrir, að Landsbankinn verði hlutafjeld. Var þegar auðsjeð, að á þessum grundvelli mundi málið ekki verða afgreitt.

Var þá málið tekið upp af nokkrum þm. í neðri deild, í samráði við meiri hluta fjárhagsnefndar efri deildar, og borin fram þingsályktun um skipun millipinganefndar í málið. Tillagan var samþykkt og kipti þingið málinu þannig úr höndum ríkisstjórnarinnar. Millipinganefndin lauk störfum sínum í þingbyrjun 1926, og flutti stjórnin frv. það, er meiri hluti nefndarinnar (4 af 5) hafði samið, en þó með nokkrum breytingum. En frv. varð enn ekki útrætt, náði þó samþykki neðri deildar og í þinglok afgreitt til efri deildar.

Frumvarp það, er nú liggur fyrir þinginu, er byggt á tillögum meiri hluta millipinganefndarinnar í bankamálinu. En stjórnin hefir bætt inn í það nýjum ákvæðum, sem í mínum augum gera frv. óaðgengilegra en það var í fyrra.

Jeg vil í flestum aðalatriðum byggja á frv. meiri hluta millipinganefndarinnar frá 1925; og þótt mjer hafi skilist, að flestir eða allir meðnefndarmenn mínir einnig vilja miða tillögur sínar við það frv., þá hefi jeg þó ekki getað orðið þeim samferða í málinu, vegna þess, að þeir hafa ekki viljað fallast á tillögur til breytinga á frv., er jeg hefi borið fram í nefndinni og sem jeg tel mikilsverðar. Er það sjerstaklega um niðurfellingu 68. gr. frv., um hina einstrengingslegu endurkaupaskyldu, er Landsbankanum er þar lögð á herðar, með ilhögun á úttekt í hendur bankaráði (60. gr. o. fl.).

Jeg hefði mikla tilhneigingu til að flytja breytingartiliögu um stjórnaryrirkomulag bankans og gera það umsvifaminna en frv. gerir ráð fyrir; og sjerstaklega hefði jeg viljað tryggja það, að hinar mikilsverðustu stofnanir í landinu, svo sem Alþýðusamband Íslands, Búnaðarfélagið og Fiskifélagið ættu fullrúa í bankaráðinu. Væri bankaráðið skipað að mestu af þessum stofnunum, eldi jeg, að það mundi skapa bankanum meira traust og tryggja honum sterkari stöðu hjá þjóðinni heldur en þótt stjórnaryrirkomulagi því væri haldið, er frv. gerir ráð fyrir. En að jeg ekki ber fram tillögu í þessa átt, er af þeirri

ástæðu, að jeg vil sjá, hversu fer um breytingartillögur við ákvæði frv. um yfir-
stjórn bankans, er jeg þykist vita, að fram muni koma við 2. umr. málsins.

Í 12. gr. eru ákvæði, sem eiga ekki heima í frv. Það á ekki, að mínu
áliti, að standa í bankalögum, að stjórnin geti samkvæmt þeim veitt undanþágu
frá innlausn seðla. Verði slík ráðstöfun einhverntíma nauðsynleg, þá verð-
ur ríkisstjórnin, ef ekki næst til löggjafarvaldsins, að gera það á eigin ábyrgð,
og ætti þá að mega telja það vist, að slíkar undanþágur yrðu eigi veittar, nema
óþjákvæmilega nauðsyn beri til.

Í 14. og 28. gr. frv. er talað um lánsstarfsemi seðlabankans og spari-
sjóðsdeildar. Þar er eigi minst neitt á það, að bankinn geti veitt lán gegn ábyrgð
bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga. Þótt ef til vill megi telja, að þetta heyri undir
venjuleg bankastörf, þá þykir mér þó rjettara, að þetta verði beinlínis tekið fram,
og flyt jeg breytingartillögu um það.

Sú almenna heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast erlend lán fyrir
seðlabankann, sem felst í 15. gr. 2. málgr., á að sjálfsögðu að falla niður. En
af því jeg tel vist, að meiri hlutinn flytji breytingartillögu um það, þá hefi jeg
eigi gert tillögu um að fella þetta ákvæði niður.

Um alllangt skeið hafa í Landsbankanum verið þrjú bankastjórar, jafnir
að völdum, og virðist það fyrirkomulag hafa gefist vel, og fæ jeg ekki sjöð neitt
tilefni til breytinga. Eftir frumvarpi stjórnarinnar, bæði nú og í fyrra, á einn
bankastjóranna að vera aðalbankastjóri, og eru honum ætluð meiri völd. Þetta
á þó ekki að koma til framkvæmda fyr en sæti losnar í bankastjórninni. Jeg
tel þetta óheppilegt, og mundi þessi mismunur á völdum bankastjóranna vafalaust
leiða til þess, að þeir tveir bankastjórnarnir, sem lægra eru settir, reyndu sem
oftast að skjóta ákvörðunum undir aðalbankastjóra og koma sjer þannig hjá
ábyrgð. Mundu og viðskiftamenn bankans, sem skifti þyrftu að eiga við banka-
stjórnina, snúa sjer helst til aðalbankastjóra, af því þeir vissu, að hann hefði
fullnaðarúrskurðarvald. Má enn færa fleiri ástæður gegn þessu fyrirkomulagi
í frv. og verður það gert við umræður. Flyt jeg breytingartillögur um það, að
gera bankastjórana jafna að völdum og launakjör þeirra jöfn, svo sem nú er.

Í frv. því, sem samþykkt var 1926 í neðri deild Alþingis, var ákveðið, að
opinberar stofnanir og sjóðir skuli geyma handbært fje í Landsbankanum eða
útibúum hans. Er slíkt sjálfsagt og því er borin fram tillaga samhljóða þeirri, en
samþykkt var um þetta í neðri deild í fyrra.

Í 60. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ráðherra láti fara fram úttekt á bank-
annm í hendur bankaráðsins; en ekki er þar sagt, hversu sú úttekt skuli fram
fara. Var um þetta nokkuð rætt í nefndinni, og voru skiftar skoðanir um fram-
kvæmd úttektar þessarar. Sýnist mér eðlilegast, að eftirlitsmaður banka og spari-
sjóða framkvæmi úttektina, og sje það gert landinu að kostnaðarlausu, sem einn
þáttur í starfi eftirlitsmannsins. Hann á að hafa góða aðstöðu og kunnugleika
til að leysa þetta verk fljótt af hendi. Og þar sem úttektin aðeins fer fram til
þess að geta ákveðið til fullnustu stofnfje bankans, en ekki af því, að skift verði
á umráðum yfir bankanum, þá sýnist í alla staði tryggilega um þetta húið með
breytingartillögu minni.

Um endurkaupaskyldu Landsbankans í 68. gr. á viðskiftavíxlum Íslands

banka er áður rætt. Geta má þó þess, að aftan við þessa grein, eins og hún var í fyrri, hefir stjórnin bætt nýrri málsgrein, er bannar hinum þjóðskipuðu bankastjórum Íslandsbanka að taka sæti á Alþingi. Jafnvel þótt slík ákvæði kynnu að geta staðist vegna stjórnarskrárinnar, þá tel jeg þau alls ekki eiga heima í þessum lögum, og geri því tillögu um að fella þetta ákvæði niður.

Í 47. gr frv. er bankastjórn Landsbankans bönnuð þingseta. Má þetta frekar til sanns vegar færa, af því svo má lita á með nokkrum rjetti, að þetta sje vilji allra þeirra bankastjóra, sem nú eru við Landsbankann, þar sem þeir hafa sett þau skilyrði við forstjóra útibúa Landsbankans, að þeir megi ekki gefa kost á sjer til þingsetu. Hefir þetta bann bankastjóranna þegar verið framkvæmt, því við kosningarnar 1923 hætti einn útibússtjóri Landsbankans við að bjóða sig fram til þings vegna þessara skilyrða bankastjórnarinnar, og annar útibússtjóri ljét af störfum við útibú Landsbankans, af því hann vildi ekki hlíta þessum fyrir-mælum bankastjórnarinnar. Þótt mörgum þyki kenna misrjettis í því, að nú hefir alþingismaður verið skipaður útibússtjóri við eitt af útibúum Landsbankans, þá er þetta af bankastjórn og landsstjórn skýrt þannig, að útibússtjóranum sje aðeins leyft að sitja á þingi út kjörtímabil sitt, en ætlunin sje, að hann láti þá af þing-mensku, og sje það i samningum við hann.

Vegna niðurfellingar 68. gr. frv. hefi jeg borið fram breytingartillögu við 14. gr., að heimila seðlabankanum að endurkaupa viðskiftavíxla af öðrum bönkum.

Tillaga mín i málinu er sú, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 12. gr.
 - a. Fyrri málsgrein skal falla niður.
 - b. Orðið »þá« í 1. línu síðari málsgreinar fellur niður.
2. Við 14. gr. 2. Tveir nýir liðir:
 - a. Að endurkaupa góða viðskiftavíxla af öðrum bönkum.
 - b. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.
3. Við 28. gr. 2. Nýr liður:

Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.
4. Við 37. gr. 1. og 2. málsgr. skal orða svo:

Bankaráðið ræður alla þrjá bankastjóra, og eru þeir framkvæmdar-stjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega, sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Bankastjórar hafa að árslaunum 12000 krónur hver, og auk þess

dýrtíðaruppbót af allri launafjárhæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

5. Við 42. gr.
 - a. Í stað »aðalbankastjóri« í 2. málsg. 4. línu komi: framkvæmdarstjórn.
 - b. Í stað »aðalbankastjóri« í 4. málsgrein komi: framkvæmdarstjórn.
6. 43. gr. c. Liðinn skal orða svo:

Að setja bankastjórunum erindisbrjef.
7. Við 44. gr.
 - a. 1. málsgrein skal orða svo:

Framkvæmdarstjórnin hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans, eftir nánari fyrirætlum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.
 - b. 3. málsgrein skal orða svo:

Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á hverjum starfsdegi, ef málefni liggja fyrir til úrlausnar. Formaður bankaráðsins tekur þátt í þessum fundum, en hefir ekki atkvæðisrætt. Stjórna bankastjórar fundum til skiftis. Afi atkvæða ræður úrslitum.
 - c. 2. málslíð 3. málsgreinar skal orða svo:

Undirskrift eins bankastjóra og formanns bankaráðsins undir fundargerðina er full sönnun þess, sem gerst hefir á fundinum.
8. Við 46. gr. Síðari málslíð skal orða svo:

Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkvæmt 44. gr.
9. Við 52. gr. Á eftir 52. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44. 3. nóv. 1915, um sparisjóði.
10. Við 60. gr. 4. málslíð skal orða svo:

Ráðherra lætur síðan fara fram úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins, og skal sú úttekt framkvæmd af eftirlitsmanni banka og sparisjóða sem þáttur af starfi hans.
11. Við 62. gr. Síðasti málslíður fyrri málsgreinar skal falla niður.
12. Við 68. gr. Greinin skal falla niður.

Tala greina og töluliða skal breytast samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Jón Baldvinsson.